

Nd.

233. Nefndarálit

um frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Í 25. gr. i lögum um Brunabótafélag Íslands er gert ráð fyrir, að þegar félagið sé orðið svo stórt, að ársiðgjöld neini meira en 75 þúsund kr., þá skal stjórnarráðið semja frv. til laga um breyting á stjórn þess, í þá átt, að skipað sé fulltrúaráð til að gæta hags sveitarfélaganna og váttryggjenda. En frv. þetta skal ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en fengnar eru umsagnir sveitarstjórna.

Sjálfsagt þykir nú, að ákvæðum 25. gr. greindra laga sé fullnægt. En þar sem í því frv., sem hér liggur fyrir, er að ræða um allviðtækar breytingar á lögnum, sem mjög snerta hagsmuni sveitarfélaganna, þá virðist oss, þó vér sénm samþykkir ýmsum af þessum breytingum, að eðlilegast sé, að þar sem leita þarf nmsagnar sveitarstjórna um breyting á stjórn félagsins, þá séu um leið fengnar umsagnir sveitarstjórna um breytingar þær, sem hér liggja fyrir.

Ef málinn væri hraðað, ætti að vera hægt að afgreiða breyting á lögnum á næsta þingi.

Samkvæmt þessu berum vér fram eftirfylgjandi rökstudda

DAGSKRÁ.

Í því transti, að ríkisstjórnin taki upp í frv. það, sem hér liggur fyrir, breyting á stjórnarskipun brunabótafélagsins í þá átt, sem ræðir um í 25. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, og sendi síðan sveitarstjórnunum til nmsagnar

svo tímanlega, að frv., að fengnum nmsögnum sveitarstjórnanna, geti orðið lagt fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. marz 1930.

Ólafur Thors,

Sig. Eggerz.
fróm.

Héðinn Valdimarsson.